

# Fundur FFM 9.september 2014 klukkan 19:30

Mættar voru: Bjarnfríður, Karólína, Lovísa, Þórey og Bryndís skólastjóri. Fjarverandi: Berglind, Íris Dröfn og Skúli

1. Ákveðið var að bjóða upp á svipað þema fyrir hvert stig og í fyrra sem var:
  - Yngstastig (1.-4.bekkur): Taka upp verkefnið „Ég og þú, þú og ég“. En það snýst um að fá forráðamann/menn og barn í skólann og vinna saman í smiðjum að einhverju verkefni.
  - Miðsstig plús (5.-8.bekkur): Fyrirlestur til að styrkja sjálfsímynd og sjálfsöryggi
  - Efstastig (8.-10.bekkur): Kynfræðsla.
2. Ákveðið var að senda út bréf til allra foreldra, til að kynna og vekja athygli á félaginu og til að bjóða nýja foreldra velkomna í foreldrasamstarf Myllubakkaskóla.
3. Rætt var um að það þyrfti að uppfæra handbók FFM og markmið, verður það tekið fyrir á næsta fundi.
4. Ákveðið var að boða bekkjafulltrúa á fund 24.september klukkan 17:30. Dagskrá fundarins verður:
  - Foreldrasamningar
  - Hugmyndir að bekkjasamveru
  - Önnur mál
5. Nýr skólastjóri Bryndís Guðmundsdóttir kom og rædd voru ýmis mál. Stjórn FFM fagnar nýjum skólastjóra og óskar henni velfarnaðar í starfi.
6. Ákveðið var að FFM myndi kosta morgunmat fyrir samræmd próf eins og gert hefur verið síðustu ár. Lovísa og Karólína ætla að mæta og aðstoða við að bera fram.
7. Næsti fundur verður haldinn þriðjudaginn 14.október klukkan 19:30

Fundi slitið klukkan 21:10

Fundargerð ritaði Bjarnfríður